

## Fréttablað mars 2019



### Samstarf

Sigríður og Ása frá félagsstarfi eldri borgara komu og lásu fyrir börnin á Tröllaheimum. Það var gaman að fá þær í heimsókn og spjölluðu börnin mikið við þær.

Í lok febrúar kom Guðmundur fiðlukennari, með Guðrúnu Ölgu, Ragnhildi Önnu og Elísu Dagrúnu, í íþróttahúsið eftir íþróttatíma. Guðmundur fræddi börnin um fiðlu og svo spiluðu þau fyrir börn og starfsfólk.

Takk fyrir komuna öll.



### Konudagskaffi

Konudagskaffið sem var 22. febrúar tókst mjög vel góð mæting var af mömmum, ömmum og langömmum sem áttu notalega stund með börnum og starfsfólki. Boðið var upp á vöflur með sultu og rjóma, kaffi og mjólk. Þökkum við öllum þessum konum kærlega fyrir komuna.



### Bollu-sprengi-og öskudagur

Haldið verður upp á þessa þjóðlegu daga hérna í Bergheimum. Bolludagur er fyrstur þann 4. mars og verða þá borðaðar rjóma-bollar um morguninn og fiskibollar í hádegismat. Á sprengidaginn 5. mars ætla nemendur og kennarar að borða á sig gat af saltkjöti og baunum. **Á öskudaginn 6. mars ætla allir að mæta í búningi** og haldið verður ball í salnum. Vinsamlega athugið að **sverð, byssur og önnur vopn eru ekki leyfð.**



### Tannverndarvika

Petra og Jenný komu til okkar í byrjun mánaðarins vegna tannverndarvikunnar. Þær heimsóttu börnin á öllum deildum, Petra las bók um tannhirðu og sýndi þeim bangsa sem hægt er að tannbursta. Auðvitað fengu börnin að prufa að bursta bangsa. Þær gáfu börnunum tannbursta og tannkrem og færum við þeim okkar bestu þakkir.



### Sumarleyfi

Sumarfrí í ár hefst 10. júlí og líkur 14. ágúst þann dag er starfsdagur kennara án nemenda og **mæta því nemendur fimmtudaginn 15. ágúst.**



### Nemar

Í mars fáum við þrjá nema til okkar í vettvangsnám en þær eru í leikskólakennaranámi við HÍ. Fransiska Guðrún verður á Dvergaheimum, Guðrún Ósk verður á Ásheimum og Elva Hrönn verður á Álfaheimum. Þær munu vera hjá okkur 4. –22 . mars, bjóðum við þær velkomnar og vonum að þær eigi hjá okkur lærdómsríkan tíma.

#### Vikan 1. -2. mars

- 1. mars söngstund.
- 1. mars **röndóttur** litadagur.

#### Vikan 3. – 9. mars

- 4. mars bolludagur.
- 5. mars sprengidagur.
- 5. mars myndataka, byrjar kl. 9.**
- 6. mars öskudagur, allir mæta í grímubúningi og ball í salnum.
- 7.mars íþróttir allir að muna eftir þægilegum fatnaði.
- 8. mars rugldagur opið á milli deilda milli kl. 10 - 11
- 8. mars umhverfisnefnd fundar kl 10.

#### Vikan 10. mars-16. mars

- 12. mars Félag eldri borgara í heimsókn á Hulduheima.
- 14. mars íþróttir allir að muna eftir þægilegum fatnaði.
- 15. mars söngstund.

#### Vikan 17.-23. mars

- 21. mars íþróttir allir að muna eftir þægilegum fatnaði.
- 22. mars söngstund.

#### Vikan 24. mars -30. mars

- 28.mars íþróttir allir að muna eftir þægilegum fatnaði.
- 29. mars söngstund.

Með kveðja

Elsa aðstoðarleikskólalastjóri